

AUGLÝSING

frá Sveitarfélaginu Ölfusi um afgreiðslur á deiliskipulagi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar 3 lóðir úr landi Ytri-Grímslækjar, fyrir frístundahús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir 3 frístundalóðir úr landi Ytri-Grímslækjar, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur til svæðis úr Ytri-Grímslæk og liggur norðan Þorlákshafnarvegjar, vestast í reitnum. Lóð 3 er 11.243 m², lóð 4 er 9.350 m² og lóð 5 er 5.000 m². Lóðirnar eru afmarkaðar með hnitpunktum á teikningu. Skipulagssvæðið er í heild 25.593 m². Aðkoma er frá Þjóðvegi 38.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar frístundabyggð í landi Hrauns, breyting á samþykktu skipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2009 samþykkt breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hrauns, Ölfusi.

Um er að ræða verulegar breytingar á núverandi skipulagi. Svæðið er um 41 ha. Lóðirnar eru 20, um 4.000 til 6.000 m² að stærð. Þegar eru komin 8 frístundahús á lóðir nr. 2, 3, 5, 8, 9, 11, 15 og 16. Breytingar verða á lóðum, mörkum og stærð þeirra. Aðkoma að svæðinu er frá Þjóðvegi nr. 38, Þorlákshafnarvegi og hinsvegar frá vegi nr. 34, Eyrarbakkevegi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði nr. 290 frá 15. apríl 2003.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Árbæ IV, lóð fyrir hesthús og fjárhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir lóð fyrir hesthús og fjárhús úr jörðinni Árbær IV, Ölfusi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagstillagan nær til svæðis úr jörðinni Árbær IV, landnr. 171662, sem er 16.581 m². Fyrir er á lóðinni hesthús og afmarkaður byggingarreitur fyrir fjárhús. Aðkoma er frá Árbæjarvegi vestri nr. 3710. Kvöð er á lóðinni vegna sameiginlegrar upprekstrarleiðar Árbæjar 4 og 5, sem liggur um hana. Nyrðri hluti svæðisins er ræktað tún en suðurhlutinn óræktað graslendi. Austan lóðarinnar er óskipt land jarðanna Árbæjar 4 og 5.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar lóð úr landi Sandhóls, fyrir frístundahús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir lóð úr landi Sandhóls fyrir frístundahús, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið nær til lands úr Sandhóli í Ölfusi fyrir eina frístundahúsalóð að flatarmáli 3.700 m². Aðkoma að lóðinni verður frá núverandi vegslóða norðan við túnspilduna sem liggur að núverandi frístundahúsi og tengist Arnarbælisvegi (375). Innan skipulagsins er einn byggingarreitur til að byggja á frístundahús, lítið gestahús, geymsluhús og lítið gróðurhús. Heildarflatarmál húsa má vera allt að 111 m². Heimil er trjárækt á svæðinu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar heimaland Hjallakróks.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. febrúar 2010 samþykkt deiliskipulag fyrir heimaland Hjallakróks, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið nær til heimalands Hjallakróks, Ölfusi fyrir núverandi byggingar á jörðinni og jafnframt er gert ráð fyrir tveimur byggingarreitum fyrir garðávaxtageymslu og geymslu og aðstöðuhús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar breytingu á deiliskipulagi hafnar-svæðis í Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. apríl 2010 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnar-svæðisins sem tekur á nýtingarhlutfalli lá lóðunum nr. 17 og 21 við Hafnarskeið, hækkun úr 0,4 í 0,5. Byggingarreitir á lóðunum nr. 17 og 21 við Hafnarskeið og nr. 20 við Óseyrarbraut eru stækkaðir í átt að Hafnarskeiði. Norður- og suður-mörkum lóðarinnar nr. 18 við Óseyrarbraut, er breytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 16. júní 2010.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.